



**Varðandi:** Bíóhöllin - samningur  
**Málsnúmer:** 1711102  
**Dagsetning:** 20. nóvember 2017

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir framlengingu á samningi um rekstur Bíóhóllarinnar á Akranesi í eitt ár, eða frá 1. janúar til 31. desember 2018.

Samhliða er því beint til menningar- og safnanefndar að skilgreina hlutverk og markmið með starfsemi í Bíóhöllinni við gerð stefnumótunar í menningarmálum á Akranesi.

---

**GREINARGERÐ:** Fyrir liggja drög að yfirlýsingu þar sem lagt er til að framlengja samning um rekstur Bíóhóllarinnar á Akranesi um eitt ár, eða frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018. Samningurinn skal endurskoðaður eigi síðar en 1. október 2018 og skal því beint til menningar- og safnanefndar að skilgreina hlutverk og markmið með starfsemi í Bíóhöllinni við gerð stefnumótunar í menningarmálum á Akranesi. Greiðslur verða óbreyttar á árinu 2018, kr. 400.000 á mánuði eða samtals kr. 4.800.000. Heimilt er að greiða fjárhæðina í einu lagi óski rekstraraðili eftir því.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

Sævar Freyr Práinsson

bærarstjóri